

ÆSKULÝÐSSTARFSEMI GRUNDVALLARATRIÐI



Youth Partnership

Partnership between the European Commission
and the Council of Europe in the field of youth



EUROPEAN UNION

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE



Inngangur

Ötulir og áhugasamir unglingaráðgjafar og ungmenni um alla Evrópu fást öllum stundum við árangursríka og gefandi æskulýðsstarfsemi án tillits til þess fjármagns sem býðst.

Ef æskulýðsstarfsemi á að nýtast víðar og hafa varanlegri áhrif á líf ungmenna um alla Evrópu er nauðsynlegt að gera það almennt lögmætt, fjármagna verkefni sleitulaust og koma þeim í framkvæmd. Þetta rit skoðar nokkrar ómissandi hliðar á æskulýðsstarfsemi sem þurfa að vera til staðar til þess að slíkt takist. Er það gert með almennum útskýringum á grundvallarþáttum æskulýðsstarfsemi í Evrópu og með ábendingum um nánara lesefni.

YFIRLIT

1. hluti – Æskulýðsstarfsemi, ungmenni og unglingaráðgjafar

- ▶ Skilgreining á æskulýðsstarfsemi
- ▶ Ungmenni og æskulýðsstarfsemi
- ▶ Hvernig gagnast ungmennum æskulýðsstarfsemi?
- ▶ Hlutverk unglingaráðgjafanna
- ▶ Menntun, hæfni og siðareglur
- ▶ Gæðatrygging og viðurkenning á fagmennsku

2. hluti – Stefna æskulýðsstarfsemi, fjármögnun og stuðningur

- ▶ Stuðningur frá opinberum yfirvöldum lands
- ▶ Hlutverk sjálfboðavinnu í ungmennageiranum
- ▶ Evrópsk aðstoð
- ▶ Þekking, rannsóknir og nánara lesefni



1. hluti

Æskulýðsstarfsemi, ungmenni og unglingaráðgjafar

■ Lýsing Evrópuráðsins á æskulýðsstarfsemi:

” vítt hugtak sem nær yfir úrval athafna af félagslegu, menningarlegu, menntunar, umhverfis og/eða pólitísku eðli: af, með og fyrir bæði hópa ungmenna og einstaklinga. Æskulýðsstarfsemi nýtur stuðnings launaðra unglingaráðgjafa eða ólaunaðra sjálfboðaliða og byggist á óformlegum námsaðferðum með áherslu á ungmenni og á sjálfviljuga þátttöku þeirra. Æskulýðsstarfsemi er dæmigert félagsstarf, samstarf með ungmennum og samfélagi þeirra sem greiðir fyrir virkri þátttöku og gildi ungmenna í samfélögum þeirra og við ákvarðanatöku. (Evrópuráð 2017)

■ Lýsing Evrópusambandsins á æskulýðsstarfsemi:

” breitt hugtak sem nær yfir vítt svið athafna af félagslegu, menningarlegu, menntunar, umhverfis eða pólitísku eðli bæði eftir, með og fyrir ungmenni. Í sívaxandi mæli ná slíkar athafnir til íþróttar og þjónustu fyrir ungmenni. Æskulýðsstarfsemi heyrir til sviðs utanskólamenntunar, auk tiltekinna frístundaathafna í umsjón fagmanna og sjálfboðaliða í unglingaráðgjöf og æskulýðsráðgjöf og er á grundvelli óformlegra námsaðferða og sjálfviljugrar þátttöku. (ESB ályktun ráðsins 2009)

■ Evrópskir fundir um æskulýðsstarf og önnur málþing sérfræðinga hafa lagt sitt að mörkum við skilgreininguna á „unglingaráðgjafi“ og „starfsþjálfun á sviði æskulýðsstarfsemi“.

■ Sum Evrópulönd eru með eigin skilgreiningar á æskulýðsstarfsemi á lagalegum og pólitískum grundvelli. Hugtökin í ‘orðaskýinu’ hér á eftir eru oft notuð til að lýsa æskulýðsstarfsemi:



UNGMENNI OG ÆSKULÝÐSSTARFSEMI

■ Æskulýðsstarfsemi verður til í kringum og á forsendum ungmenna. Það byggist á sjálfviljugri þátttöku þeirra og trausti. Æskulýðsstarfsemi getur átt sér stað á hvaða sviði, í sérhverju rými eða gagnvirkum umhverfi, þ.m.t. sýndar- eða beinu rými. Það gæti verið einn verknaður eða reglubundið prógramm atburða með samskiptum ungmenna. Ungmennni og unglingaráðgjafar þróa samskipti sín í ferli æskulýðsstarfsemi, til dæmis með því að takast á við forðoma og vandamál einstaklinga, félagsleg og samfélagsleg vandamál og með ástundun lýðræðis. Æskulýðsstarfsemi byggist á óformlegri menntun og þekkingaröflun með aðstoð unglingaráðgjafa, sem gerir ungmennum kleift að koma á framfæri kappsmálum sínum – bæði sínum eigin og fyrir samfélag sitt – og vinna að bótum og breytingum til hins betra. Slíkri starfsemi er einnig ætlað að æfa félagslyndi, iðulega með áherslu á félagslega aðlögun ungmenna og þá einnig þeirra sem koma úr illa settum samfélagshópum.





Á eigin vettvangi – markvisst eða almennt

■ Hægt er að bjóða upp á almenna æskulýðsstarfsemi fyrir öll ungmenni í félagsmiðstöðvum, kaffihúsum eða unglingaathvörfum með allt á sama stað. Hana má einnig reka markvisst með stökum verkefnum, færanlegu ungmen-nastarfi eða á götunni, sem miðast þá að sérhópum sem upplifa mismunun og eiga um margt erfitt uppdráttar. Til dæmis gæti markviss æskulýðsstarf-semi farið fram á afskekktum dreifbýlissvæðum, í illa settum borgarhverfum, unglingafangelsum eða í flóttamannabúðum.

Á eigin forsendum – sjálfviljug þátttaka

■ Sjálfviljug þátttaka er eitt auðkennandi einkenna æskulýðsstarfsemi. Annað er að það er án fordóma. Unglingaráðgjafar og ungmenni vinna saman í bræðralagi – þau vinna saman að því að byggja, þróa og viðhalda sambandi sínu. Æskulýðsstarfsemi er vettvangur fyrir gagnkvæman stuðning og hvatningu, traust, námstækifæri, sjálfskönnun og íhugun, tilfinningaproska, félagslega og menningarlega meðvitund og, á endanum jákvæða sjálfsefningu.

■ Með þátttöku sinni í æskulýðsstarfsemi ættu ungmenni ekki aðeins að þróa sjálfstjórn, það að geta tekið ábyrgð á eigin aðgerðum og eigin lífi, heldur einnig að verða virkir borgarar sem draga í efa og ögra viðteknum venjum með það fyrir augum að koma til leiðar jákvæðum félagslegum og pólitískum breytingum. Praktískt séð er æskulýðsstarfsemi ferðalag með hópi ungmenna á umbreytingar- og þroskatímum; það getur farið fram á fjölbreytilegum stöðum, með áherslur á margvísleg málefni og beitt ólíkum aðferðum.



HVERNIG HAGNAST UNGMENNÍ AF ÆSKULÝÐSSTARFSEMI?

■ Sá ávinningur sem skynja má að skili sér við þátttöku í æskulýðsstarfsemi er margskonar og breytilegur og meðal annars sá að veita ungmennum vettvang og “brýr” í lífi þeirra. Sá þáttur í æskulýðsstarfsemi að byggja brýr hefur sérstaklega áhrif á líf ungmenna sem búa við mismunun, erfiðar aðstæður og fordóma (Yfirlýsing 2015).

■ Æskulýðsstarfsemi:

- ▶ gerir ungmennum kleift að taka virkan þátt í samfélagi og pólitík og veitir þeim nauðsynlega lífsleikni og með því aðgang að vinnumarkaði;
- ▶ byggist á óformlegum námsaðferðum og skapar vettvang fyrir óformlegt nám;
- ▶ auðveldar breytingaskeið ungmenna frá æsku til fullorðinsaldurs, frá því að vera öðrum háð til þess að öðlast sjálfstæði;
- ▶ hjálpar ungmennum til þess að öðlast og þróa lífsleikni;
- ▶ stuðlar að friði, umburðarlyndi og þvermenningarlegum skilningi;
- ▶ örvar gagnrýna hugsun, og kemur með því í veg fyrir róttæknihæningu og öfgastefnu;
- ▶ eflir lýðræði, mannréttindi, þegnskap, evrópsk gildi, þátttöku og jöfn tækifæri fyrir alla;
- ▶ styrkir jákvæða sjálfsvitund, samkennd og sjálfstjórn;
- ▶ hlúir að félagslegri aðild og samheldni og styður borgaralegt samfélag;
- ▶ fæst við þvermenningarlega samvinnu og félagsskap.



HLUTVERK UNGLINGARÁÐGJAFAR

Unglingaráðgjafar og ungmenni eru bæði samstarfsaðilar og hagsmunaaðilar í æskulýðsstarfsemi. Hins vegar gegna unglingaráðgjafar sérstöku hlutverki og þar með ábyrgð. Um leið og þeir þurfa hugsanlega að gegna hlutverki stjórnenda, og þá sérlega í áætlanagerð og útfærslu, fjármögnun, úrræðum og vettvangi starfseminnar, auk þess að bera ábyrgð á því að skapa öruggt og verndað umhverfi fyrir ungmenni, þá er það helsta hlutverk unglingaráðgjafa að gera ungmenum kleift að læra, að hvetja þau og styðja í því að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar og borgarar. Til þess að það takist þurfa unglingaráðgjafar að sýna forystuhæfileika, ábyrgð, hugvit og eldmóð. Unglingaráðgjafar geta verið hvort sem er á launum eða í sjálfböðavinnu, en í heildina er ekki mikill munur á hlutverki þeirra og ábyrgð. Í báðum tilvikum þurfa þeir að vera gæddir réttu hæfileikunum og gegna hlutverki sínu á fagmannlegan hátt. Unglingaráðgjafar eru iðulega fyrirmynd ungmenna og vísa þeim með því veginn í sinni eigin þróun. Þá er einnig litið svo á að þeir brúi bilið fyrir ungmenni og samfélagið í aðra félagslega eða almenningsþjónustu.



MENNTUN, HÆFNI OG SIÐFRÆÐILEGUR STAÐALL

■ Flest Evrópulönd veita unglingaráðgjöfum einhverskonar óformlega menntun og þjálfun; aðeins helmingur þeirra bjóða upp á námsstig með gráðu í unglingaráðgjöf eða á tengdu sviði, á meðan nokkur lönd bjóða upp á verknað fyrir unglingaráðgjafa. Evrópskar stuðningsáætlanir, og þá sérstaklega Erasmus+-áætlun Evrópubandalagsins, býður upp á breitt úrval af menntun og þjálfun fyrir unglingaráðgjafa.

■ Í sumum löndum eru til staðar ábyrgðarrámmar á landsvísu og jafnvel staðarvísu fyrir unglingaráðgjafa, sem skilgreina kunnáttu- og verksvið unglingaráðgjafa.

■ Skjalamappa Evrópuráðsins um æskulýðsstarfsemi skilgreinir 31 helstu hæfnipætti almennt viðkomandi æskulýðsstarfsemi fyrir unglingaráðgjafa. Raðar hún hæfnipáttum í tvo flokka:

- ▶ hæfnipættir viðkomandi sérstakri æskulýðsstarfsemi – hæfni til æskulýðsstarfsemi af einstöku tagi; og
- ▶ almennari hæfnipættir – þeir sem heyra til öðrum hliðum á starfsemi sem þó gegna yfirleitt einnig mikilvægu hlutverki í æskulýðsstarfsemi.

■ Viðbótarverkfæri er 'lýsing á hæfnipáttum fyrir unglingaráðgjafa til starfa á alþjóðavísu' (Competence Model for Youth Workers to Work Internationally), sem þróað var af SALTO Training and Cooperation.¹

1. Frekari upplýsingar má finna hér: <https://www.coe.int/en/web/youth-portfolio> or www.salto-youth.net

■ Skjalamappa Evrópuráðsins viðkomandi æskulýðsstarfsemi (2015) segir að „æskulýðsstarfsemi, í þeim mikilvæga tilgangi að miðla félagslegri samheldni fyrir alla, er hlutverksins vegna siðferðiseðlis og tákni um gildisdrifnar félagsvenjur sem framkallar gerðir með siðferðilegum, félagslegum og pólitískum afleiðingum“. Vegna eðlis hennar viðkomandi menntun verður æskulýðsstarfsemi líka að efla ungmenni í vali þeirra á eigin gildum, í samræmi við persónuleika þeirra, ákvarðanir og einstaklingsval. Það er ekki einfalt starf!

- ▶ siðareglur: staðlaðar siðareglur starfsgreinar fyrir æskulýðsstarf;
- ▶ verklagsreglur, sem auðkenna hvernig siðareglur geta gefið góða raun í ákveðnu samhengi og kringumstæðum; eða
- ▶ hátternisreglur, sem gefa unglingaráðgjöfum leiðbeiningar um aðgerðir og hátterni í samskiptum við ungmenni, sérstaklega til að tryggja verndun þeirra og velferð.

■ Siðferðislegar viðmiðanir eiga við um málefni eins og persónuleynd, fagmannleg mörk, áhættustjórn, tengsl tveggja einstaklinga og velferð. Þær ná einnig til málefna tengdum aðferðum í æskulýðsstarfsemi (til dæmis opinni æskulýðsstarfsemi, æskulýðsstarfi sem nær lengra, æskulýðsstarfi á grundvelli trúar, æskulýðsstarfi á götum, æskulýðsstarfi með LGBTIQ+ ungmönnum). Meiri upplýsingar um siðareglur í æskulýðsstarfsemi er að finna í rannsóknargrein eftir O. Bárta og S. Petkovic. (<https://go.coe.int/qSjvE>).



FAGLEG VIÐURKENNING

■ Þróun og trygging gæða í æskulýðsstarfsemi er sífellt mikilvægari um alla Evrópu.

■ Aðkoma að gæðatryggingarrömmum, kerfum og tólum er mjög mismunandi, frá gæðamerkjum lands eða starfsstöðlum, starfsréttindum þeirra sem veita þjálfun, til mats á ungmennasamböndum eða unglingaráðgjöfum. Finna má dæmi um gæðatryggingarkerfi í rannsóknargrein eftir James O'Donovan (O'Donovan 2020).

■ Setning evrópskra staðla er stundum hvatning til setningar ramma á landsvísu og jafnvel innan stofnana. Gæðamerki Evrópuráðsins fyrir æskulýðsmiðstöðvar hefur verið veitt 14 evrópskum æskulýðsmiðstöðvum sem veita ungmennum öruggan vettvang, eru menntastofnanir, efla æskulýðsstarfsemi, eru miðstöðvar tengslamyndana og halda á lofti gildum, aðferðum og stöðlum Evrópuráðsins.

■ Bætur á æskulýðsstarfsemi (Improving Youth Work), handbók Evrópusambandsins um gæðapróun, veitir hagnýtar viðmiðunarreglur fyrir ungmenni, unglingaráðgjafa og ungmennasambönd um leiðir til efla og tryggja gæði í æskulýðsstarfsemi.

■ Til að leita hvatningar og hugmynda um gæða staðbundna æskulýðsstarfsemi, og þá einnig hvernig Evrópusáttmálinn styður það starf, má sækja upplýsingar hér: www.europegoeslocal.eu.

■ Á meðan minnihluti Evrópulanda stenst kröfur til að fá faglega viðurkenningu í æskulýðsstarfi á landsvísu er til staðar einhverskonar lagalegt eða eftirlitsyrfirvald í rúmlega 20 Evrópulöndum með ábyrgð á æskulýðsstarfsemi og staðlaðar starfslýsingar fyrir unglingaráðgjafa. Malta er eina Evrópulandið sem viðurkennir æskulýðsstarfsemi lagalega sem atvinnugrein.



2. hluti

Stefna æskulýðsstarfsemi, fjármögnun og stuðningur

upport from national public authorities

Stefna

■ Æskulýðsstarfsemi nýtur stuðnings og viðurkenningar með stefnum, fjármögnun, samvinnu og gæðapróun á staðbundnu stigi, landsvísu og evrópskum vettvöngum. Það færir í aukana að æskulýðsstarfsemi sé talin vera leiðin til að takast á við ýmis málefni viðkomandi ungmennum. Opinber yfirvöld lands og staðaryfirvöld hafa innleitt stefnu, fjármögnun og önnur úrræði fyrir æskulýðsstarfsemi í Evrópu. Flest lönd hafa stefnu í æskulýðsmálum sem inniheldur einnig lagalegan og/eða stefnuramma fyrir æskulýðsstarfsemi, fjármögnun og aðra stuðningsþjónustu. Mörg lönd veita einnig formlega menntun og þjálfun sem styður æskulýðsstarf sem fagsvið. Fjárfesting í æskulýðsstarfi gæti í rauninni haft keðjuverkandi margföldunaráhrif á ungmenntu, með upphafi í litlum hópi fólks í ákvarðanatöku sem leiðir til víðari hóps stefnumarkandi sérfræðinga og þar á eftir til enn stærri hóps framkvæmdaaðila og starfs þeirra sem kemur við líf tilkomumikils hóps ungmenna.

■ Æskulýðsstefna fáeinna landa inniheldur formlegar eða lagalegar skilgreiningar á „æskulýðsstarfsemi“ eða „unglingaráðgjöfum“. Í þjóðmálastefnu endurspeglar æskulýðsstarf iðulega sem mikilvæg leið til að koma stefnu um æskulýðsstarfsemi á framfæri eða sem hluta af þjónustu við ungmenntu. Æskulýðsstarf er stundum hluti af víðara inngripasviði, sem dæmi má nefna kennslu í samfélagsfræðum, félagsmenningarlega kennslu, frístundastarf eða tómstundir.

Fjármögnun

■ Stig og eðli fjármögnunar fyrir æskulýðsstarfsemi er mjög breytileg eftir fólksfjölda, aðföngum og bolmagni og stuðningi þjóðar við stefnu um æskulýðsstarfsemi. Fjármögnun ríkis til æskulýðsstarfsemi fellur iðulega undir fjárframlög til ungmenna eða þjónustu fyrir ungmenni. Í sumum löndum, þ.á m. Belgíu, Eistlandi, Frakklandi, Írlandi, Lúxemborg og Möltu, úthlutar ríkisvaldið árlega fé til viðkomandi ráðuneytis, yfirleitt í formi fjárstyrks til ungmennasambanda og annarra stuðningsáætlana og þjónustu. Í öðrum löndum, til dæmis Þýskalandi, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð er fjármögnun á svæðis- eða staðarvísu og veitir slík fjármögnun einnig aukið sjálfræði með tilliti til stefnuframkvæmdar. Í sumum löndum, þ.á m. Króatíu, Kýpur, Ítalíu, Georgíu og Svartfjallalandi er fjármögnun meira verkefnaðuð og með hléum og oft mjög háð evrópskum eða utanaðkomandi fjárframlögum.

■ Framlag ríkisins til æskulýðsstarfs og -þjónustu, jafnvel í löndum eins og Finnlandi og Írlandi þar sem æskulýðsstarfsemi er á föstum grunni og tiltölulega vel fjármögnuð, er undir einu prósentu af árlegri fjárveitingu til menntunar.

Role of the voluntary youth sector

■ Sjálfbóðaliðar í ungmennageiranum veita lykilþjónustu í æskulýðsstarfsemi í Evrópu. Í mörgum löndum Suður- og Austur-Evrópu eru sjálfbóðaliðar í ungmennageiranum þeir sem sjá að mestu um æskulýðsstarfsemi sem er fjármögnuð aðallega af Evrópuáætlunum. Geirinn hvetur til viðurkenningar á þróun æskulýðsstarfsemi og sér unglingaráðgjöfum fyrir þjónustu. Geirinn samanstendur af frjálsum félagasamtökum (NGOs), borgaralegum samtökum, samtökum á forsendum trúarbragða, ungmennaarmi stjórnmalaflokka og pólitískra samtaka, samtökum og hópum unglingaráðgjafa og regnhlífarsamtökum lands eins og t.d. æskulýðsráðum, auk alþjóðlegra hreyfinga.

■ Þó svo að frjáls félagasamtök ungmenna hafi í mörgum tilvikum aðgang að ríkisstyrkjum, þá eru þau mjög háð evrópskri fjármögnun (Erasmus+-áætluninni, félagsmálasjóði Evrópu, evrópsku samstöðusveitinni, æskulýðssjóði Evrópu), og evrópskri faggildingu (Youthpass) í þeim tilvikum þar sem ríki veitir ekki faggildingu. Sum landssamtök eða alþjóðasamtök styðja einnig verkefni í æskulýðsstarfsemi.



EUROPEAN SUPPORT

■ Mörg stefnutilmæli, staðlar, stefnurammar og gæðavísar, ásamt fjármögnun og stuðningskerfum fyrir æskulýðsstarfsemi, þróast með evrópskri og alþjóðlegri samvinnu.

Stefna

■ Bæði Evrópuráðið og Evrópusambandið eru með stefnu og skipulagsáætlun sem nær yfir æskulýðsstarfsemi í Evrópu.

■ Tilmæli Evrópuráðsins (CM/REC(2017)4 viðkomandi æskulýðsstarfsemi er lagagerningur sem mælir með því að aðildarríki endurnýi stuðning sinn við æskulýðsstarfsemi með flokki aðgerða og ráðstafana og með því að koma á reglum sem fyrirfram tryggja og styrkja stofnunina og þróa uppbyggingu æskulýðsstarfsemi á öllum stigum. Lagagerningurinn er innleiddur með ungmennageiraáætluninni (Youth Sector Strategy 2030), þar sem æskulýðsstarfsemi er ein af fjórum forgangsáætlunum með aðstoð sameiginlegs ungmenningaráðs (Joint Council on Youth - CMJ) og aðila þess og annarra þeirra gerninga sem ungmennageirinn hefur aðild að.

■ Ungmennaaætlun Evrópusambandsins (2019-2027), til að ná athygli, tengingu og efla ungmennti (Engaging, Connecting and Empowering young people), býr í hagin fyrir þróun og innleiðslu evrópskrar áætlunar fyrir æskulýðsstarfsemi á forsendum gæða, nýsköpunar og viðurkenningar á æskulýðsstarfsemi. Áætlunin sér fyrir innleiðslu til dæmis með það fyrir augum að hvetja samræður milli ungmenna (Youth Dialogue) og með íhlutun ungmenna og sérfræðinga um stefnur í ákvarðanatöku.

■ Samstarfsverkefni EBS og Evrópuráðsins um ungmenni er vettvangur fyrir samvinnu milli tveggja evrópskra stofnana til þess að kynna og efla og vinna að viðurkenningu á æskulýðsstarfsemi. Hlutverk þess er að stunda rannsóknir og vera hugmyndabanki, að safna og vinna úr kunnáttu, og skila henni á nýtilegan hátt svo gagnist æskulýðsstefnu og -starfsemi. Mikilvægt gagnasafn með niðurstöðum almennra og þematengdra rannsókna, dæmi um góðar starfsvenjur og fræðsluefni um æskulýðsstarfsemi er að finna á vefsetrinu um samstarfsverkefnið um ungmenni.²

■ Einnig má nefna nokkur mikilvæg evrópsk stefnuskjöl um æskulýðsstarfsemi, þ.á m.:

- ▶ niðurstöður leiðtogaráðs um framlag hágæða æskulýðsstarfsemi til þróunar, velferðar og félagslegrar aðildar ungmenna (2013);
- ▶ niðurstöður leiðtogaráðs um styrkingu æskulýðsstarfsemi til þess að tryggja samlyndi í samfélaginu (2015);
- ▶ niðurstöður leiðtogaráðs um hlutverk æskulýðsstarfsemi í að styðja þróun lífsleikniháfileika ungmenna sem hjálpar þeim á leið til manndómsára, til virks þengskapar og starfa (2017);
- ▶ niðurstöður leiðtogaráðs um snjalla æskulýðsstarfsemi (2017) og um stafræna æskulýðsstarfsemi (2019);
- ▶ niðurstöður leiðtogaráðs um hlutverk æskulýðsstarfsemi í samhengi við þjóðflutninga og landflóttamál (2018);
- ▶ niðurstöður leiðtogaráðs um menntun og þjálfun unglingaráðgjafa (2019);
- ▶ yfirlýsingu fyrsta Evrópusamnings um æskulýðsstarfsemi (2010);
- ▶ skýrslu og yfirlýsingu annars Evrópusamnings um æskulýðsstarfsemi (2015).

Fjármögnun

■ Helsta fjármögnun í Evrópu er um Erasmus+ Evrópusambandsins, evrópsku samstöðusveitina og DiscoverEU (uppgötvið-ESB) áætlanirnar. Einnig er hægt að leita fjárstyrkja hjá félagsmálasjóði Evrópu. Upplýsingar um styrki frá ESB er að finna á https://europa.eu/youth/EU_en. Æskulýðssjóður Evrópu Evrópuráðsins styrkir einnig æskulýðsstarfsemi á vegum ungmennasamtaka. Frekari upplýsingar er að finna á www.coe.int/en/web/european-youth-foundation.

2. <https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/youth-work2>



Evrópskar stofnanir og skipan

ESB og Evrópuráðið styrkja einnig nokkrar samevrópskar stofnanir og stuðningsskipanir sem veita upplýsingar, þjálfun og önnur tilföng til þróunar á æskulýðsstarfsemi, þ.á m. evrópska upplýsinga- og ráðgjafapjónustu ungmenna (ERYICA),³ evrópsku ungmennaskírteinasamtökin (EYCA),⁴ Eurodesk,⁵ SALTO-YOUTH⁶ og evrópsku ungmennamiðstöðvarnar (European Youth Centres) í Búdapest og Strassborg.⁷

Evrópski æskulýðsvettvangurinn (European Youth Forum⁸) og meðlimir þess eru málsvavar fyrir þróun á æskulýðsstarfsemi, stuðningi og viðurkenningu.

KNOWLEDGE, RESEARCH AND FURTHER READING

Ógrynni af upplýsingum, rannsóknum og niðurstöðum er að finna um æskulýðsstarfsemi í einstaka löndum og á Evrópuvettvöngum. Þó að þessar heimildir gefi góða mynd af æskulýðsstarfsemi í reynd, þá nýtast þær að mestu æskulýðsgeiranum og ná ekki nægjanlega athygli almennings eða annarra geira.

Youth Wiki⁹, uppsláttarrit Evrópusambandsins á vefnum á sviði æskulýðsstefna á landsvísi, hefur að geyma gnægð af upplýsingum um æskulýðs- og aðrar stefnur ungmennum viðkomandi. Hún inniheldur einnig sérstakan kafla um æskulýðsstarfsemi í þáttökulöndum.

3. www.eryica.org

4. www.eyca.org

5. eurodesk.eu

6. salto-youth.net

7. www.coe.int/en/web/youth/mission-and-mandate

8. www.youthforum.org

9. <https://eacea.ec.europa.eu/national-policies/en/youthwiki>

■ Skjalamappa Evrópuráðs um æskulýðsstarfsemi er matstæki fyrir unglingaráðgjafa og æskulýðsleiðtoga, jafnt sem stjórnendur og umsjónaraðila, til þess að meta og bæta enn frekar eigin hæfni í æskulýðsstarfsemi. Viðbótarheimild er hæfnilíkan fyrir unglingaráðgjafa til starfa á alþjóðavísu sem er unnið af Salto Training and Cooperation.

■ Einnig er hægt að nálgast eftirfarandi skýrslur og kannanir sérfræðingahópa um æskulýðsstarfsemi:

- ▶ Vinna með ungmennum: gildi æskulýðsstarfsemi í Evrópusambandinu (2014);
- ▶ Vönduð æskulýðsstarfsemi – sameiginlegur rammi til frekari þróunar á æskulýðsstarfsemi (2015);
- ▶ Framlag æskulýðsstarfsemi í því að takast á við vanda sem verða á vegi ungmenna, sérstaklega umskiptin frá námi yfir á vinnumarkað (2015);
- ▶ Framlag æskulýðsstarfsemi í hindrun á jaðarsetningu og ofbeldisfullri róttæknihæningu (2017);
- ▶ Þróun stafrænnar æskulýðsstarfsemi – stefnutillögur, þjálfunarþarfir og dæmi um góðar starfsvenjur fyrir unglingaráðgjafa og fólk í ákvarðanatöku (2018);
- ▶ Tekist á við eigin framtíð – æskulýðsstarfsemi og frumkvöðlanám (2017);
- ▶ Framlag æskulýðsstarfsemi í tengslum við fólksflutninga og innflytjendamál (2019).

■ Evrópska þekkingarmiðstöðin á sviði æskulýðsstefnu (EKYP) býr yfir hafsíð af [country sheets on youth work](https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/country-information-youth-work)¹⁰ og þematengdum [fræðigreinum](https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/expert-group-researching-education-career-paths-youth-workers) viðkomandi æskulýðsstarfsemi og menntun unglingaráðgjafa í Evrópulöndum.¹¹

10. <https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/country-information-youth-work>

11. <https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/expert-group-researching-education-career-paths-youth-workers>

Samstarfsverkefni ESB og Evrópuráðsins hefur einnig gefið út röð af þematengdum upplýsingaritum og kennsluefni á sviði æskulýðsstarfsemi¹²:

- ▶ Saga æskulýðsstarfsemi í Evrópu – sjö bindi sem innihalda sögur frá löndum og þematengdar rannsóknir;
- ▶ Æskulýðsstarfsemi íhuguð af alvöru. Og hvernig á að undirbúa fólk til æskulýðsstarfa;
- ▶ Menntun unglingaráðgjafa í Evrópu: stefnur, fyrirkomulag, starfshættir;
- ▶ 13 verkfærasett (T-kits) – þematengdar útgáfur sem eru skrifaðar af fólki með reynslu í þjálfun og kennslu ungmennta. Þetta eru handbækur sem koma að notum í þjálfun unglingaráðgjafa og fræðsluverkefnum;
- ▶ **Coyote** – tímarit unglingaráðgjafa og þjálfara á vefnum sem gefur út greinar um mikilvæg málefni varðandi æskulýðsstarfsemi innan og utan Evrópu.

Samstarfsverkefnið hýsir einnig innihald og niðurstöður evrópsku ráðstefnanna¹³ tveggja um æskulýðsstarfsemi og uppfærðan orðalista¹⁴ um ungmenni.

Samstarfsverkefni ESB og Evrópuráðsins skipuleggur umfangsmikil opin námsskeið á netinu, sem gera skil á sumu því efni sem samstarfsverkefnið hefur þróað og gert að aðgengilegu og notendavænu námsefni.



12. <https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/publications>

13. <https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/eywc-website>

14. <https://pjp-eu.coe.int/en/web/youth-partnership/glossary>



Heimildaskrá

Banks S. (2010), "Ethics and the youth worker", í *Ethical issues in youth work* (2. útgáfa). Ritstj. Banks S. Routledge, Lundúnum.

Banks S. og Imam U. (2000), "Principles, rules and qualities: an ethical framework for youth work", *International Journal of Adolescence and Youth*, 9:1, 65-82.

Bárta O. og Petkovic S. (2020), Youth workers education paths – Ethical standards in youth work and how they support education and career pathways of youth workers, <https://go.coe.int/qSjvE>.

Evrópuráðið (2017), tilmæli ráðherranefndarinnar CM/Rec(2017)4 til aðildarríkja varðandi æskulýðsstarfsemi, <https://rm.coe.int/1680717e78>, aðgangur 23. mars 2020.

Evrópuráðið (2015), skjalamappa Evrópuráðsins um æskulýðsstarfsemi (Council of Europe Youth Work Portfolio) – tæki til að meta og þróa hæfni í æskulýðsstarfsemi, Strassborg.

Declaration 2015, yfirlýsing annars Evrópusamnings um æskulýðsstarfsemi (2015), Making a world of difference, <https://go.coe.int/Lvn4A>, aðgangur 23. mars 2020.

EU Council Resolution (2009), ályktun ráðsins 27. nóvember 2009 varðandi endurnýjaðan ramma Evrópusamstarfs á ungmennasviði (2010-2018), 2009/C 311/01, [https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32009G1219\(01\)](https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=CELEX:32009G1219(01)).

Framkvæmdastjórn ESB (2018), *Flash Eurobarometer 455 – European Youth*. EUR-Lex: EU law website.

Félagsmálasáttmáli Evrópu (ETS nr. 35) 1961; félagsmálasáttmáli Evrópu (endurskoðuð útgáfa) (ETS nr. 163) 1996.

Evrópusambandið (2017), *Improving youth work – your guide to quality development*, https://ec.europa.eu/youth/news/2017/improving-youthwork-your-guide-quality-development_en.

Samstarfsverkefni Evrópusambandsins og Evrópuráðsins varðandi ungmenni (2018), Mapping the educational and career paths of youth workers, og tilheyrandi vinnuskjöl.

Fusco D. (2014), "The social architecture of youth work practice", í *'Cadjan – Kiduhu' - Global perspectives on youth work*. Ritstj. Belton B., Sense Publishers, Rotterdam.

O'Donovan J. (2020), Promoting quality in youth work practice in Europe, <https://go.coe.int/j5TRv>

Report 2015, skýrsla annars Evrópusamnings um æskulýðsstarfsemi (2015), Similarities in a world of difference.

Sercombe H. (2010), *Youth Work Ethics*, Sage Publications Ltd, Lundúnum.

Sinclair C., Simon N. P. og Pettifor J. L. (1996), "The history of ethical codes and licensure, í *Professional conduct and discipline in psychology*. Ritstj. Bass L. og aðrir. American Psychological Association, Washington, DC.

Swartz S. og Cooper A. (2014) "Navigational capacities for youth success in adversity: a sociology of southern youth", ráðstefna: XVIII ISA World Congress of Sociology, júlí 2014, Yokohama, Japan.

Williamson H. (2015), "Finding Common ground", samantektargrein í skýrslu annars Evrópusamnings um æskulýðsstarfsemi.

Höfundar

■ **Tanya Basarab** er rannsókn- og ungmennafulltrúi í samstarfsverkefni ESB og Evrópuráðs, þar sem starf hennar snýst um evrópska þekkingarsetrið fyrir ungmennastefnu, mat á ungmennastefnu, æskulýðsstarfsemi og félagslega aðild ungmenna. Eftir nám í alþjóðatengslum með áherslu á þróunarmál hefur hún einbeitt sér að borgaralegum samfélögum á ungmennasviði, sviði samfélagsþróunar, virks þegnskapar, samfélagi og vörnum gegn fátækt. Framlag hennar hefur verið með áherslu á stjórnskipulag, borgaraleg skoðanaskipti, grasrótarlýðræði, félagslega aðild og einstaklingsbundnar stefnumótanir. Hún samræmdi og átti aðild að ritstýringu Youth Knowledge Books 23 til 26 í samnefndri röð og útgefnar af samstarfsverkefninu um ungmennti og öðru fræðsluefni. Hún er núna í bili framkvæmdastjóri samstarfsverkefnis ESB-Evrópuráðs um ungmennti.

■ **James O'Donovan** er fyrrverandi írskur ríkisstarfsmaður með mikla reynslu á sviði menntunar, þjálfunar og ungmenna bæði á Írlandi og á Evrópustigi. Starfsferli hans hefur að mestu verið varið á sviði menntamála, fyrst og fremst í þróun og innleiðslu á stefnumótum í námi eftir framhaldsskóla af öðru tagi en háskólanámi; þróun og innleiðslu á innlendum ramma um menntun og hæfi; árangursstjórnun og þróunarkerfum fyrir hið opinbera; menntunarröðugleikum; og ungmennasviðið og þróun á ramma fyrir gæðastaðla á landsvísu.



Þessi þriðja útgáfa á „Grundvallaratriði“ lýkur rannsóknum á þrístrendu stjórnkerfinu í ungmennageiranum og sýnir starfshætti sem stólpa æskulýðsstarfsemi. Hvað er æskulýðsstarfsemi og hvernig er hún skilgreind? Hver tekur þátt í henni og hver er ávinningurinn fyrir ungmenni? Hvar fer æskulýðsstarfsemi fram og á hvaða forsendum? Hverjar eru stefnurnar, áætlanirnar og fjárframlögin sem viðurkenna hana og styðja gæðapróun?

Þessi útgáfa beinir athyglinni af þeim grundvallarþáttum í æskulýðsstarfsemi sem þurfa að vera til staðar til að hafa víðari og varanlegri áhrif á líf ungmenna um alla Evrópu. Hún gerir það með því að gefa almenn dæmi um helstu þætti æskulýðsstarfsemi í Evrópu og með því að veita ábendingar um evrópska staðla, aðföng, tengslanet og áætlanir sem leggja sitt að mörkum til að bæta umhverfi og reynslu af æskulýðsstarfsemi á öllum stigum.

<http://youth-partnership-eu.coe.int>
youth-partnership@partnership-eu.coe.int

Aðildarríki Evrópusambandsins hafa ákveðið að tengja saman þekkingu sína, auðlindir og örlög. Í sameiningu hafa þau byggt upp svæði stöðugleika, lýðræðis og sjálfbærrar þróunar og viðhaldið um leið menningarlegri fjölbreytni, umburðarlyndi og einstaklingsfrelsi. Evrópusambandið hefur einsett sér að deila árangri sínum og gildum með löndum og þjóðum utan landamæra sambandsins.

<http://europa.eu>

Evrópuráðið er helsta stofnunin á sviði mannréttindamála í Evrópu. Aðildarríkin eru 46, þar á meðal öll aðildarríki Evrópusambandsins. Öll aðildarríki Evrópuráðsins hafa fullgilt Mannréttindasáttmála Evrópu, en þeim sáttmála er ætlað að standa vörð um mannréttindi, lýðræði og réttarríki. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur umsjá með útfærslu sáttmálans innan aðildarríkjanna.

www.coe.int



EUROPEAN UNION

COUNCIL OF EUROPE



CONSEIL DE L'EUROPE